

Norræna listiðnaðarsýningin í París hlaut almenna og einróma viðurkenningu

Erlend fyrirtæki sækjast eftir sumum
ísl. mununum

NORRÆNU listiðnaðarsýningunni, sem staðið hefur yfir í París frá því í nóvember, er nú lokið og hafa íslensku munirnir verið sendir af stað heim. Sýninguna sóttu nál. 50 þúsund manns og viðtökurnar, sem hún hlaut í blöðum og meðal hinna vandfýsnari franska sýningar-gesta, fór langsamlega fram úr vönum þeirra, er höfðu með höndum skipulagningu og framkvæmd hennar.

Að listiðnaðarsýningu þessari stóðu Norðurlöndin öll. Síndu þau allar helztu tegundir listiðnaðar, sem framleiddur er í þessum löndum, en aðeins hið vandaðasta og listrænasta hvern- ar gerðar, án nokkurs tillits til þess frá hverjum aðila það var. Gat þar að líta hið fegursta úrval hvers kyns norræns listiðnaðar, hand- og vélunnins, svo sem leirkerasmið, gler, kristal, lampar, húsgögn, margskonar vinnu úr málm, m. a. úr gulli, silfri, eir, stáli og alúminíum, bókbönd, fjöl breytilegan vefnað, bæði almenn- að vefnað og myndvafnað, smelt, plast o. fl.

Af hálfu Íslands sá félagsskap- urinn „Íslensk listiðnað“ um allan undirbúning og framkvæmdir við sýninguna. Ræddu formaður og stjórn félagsins, Lúdvíg Guðmundsson, skólalastjóri, Björn Th. Björnsson, listfræðingur og Ragn- ar Jónsson hrl. við fréttamenn í gær um sýninguna og þar viðtök- ur sem hún fékk.

Eftirspurn eftir sýningar- mununum.

Tala sýningargesta skipti hund- uðum, og voru sýnendur um 200. Hlutur Íslendinga í þessari sý- ningu var eðlilega minnstur, en þeir munir sem þarna voru vöktu engu að síður mikla athygli. Lagði Lúdvíg áherzlu á það, að hér væri ekki aðeins um menn- ingarlega kynningu að ræða, heldur mundi einnig verða fjár- hagslegur gróði að henni. Þó þátttaka okkar í sýningunni hefði kostað mikið, þá kvaðst hann sannfærður um að sá kostnaður ætti eftir að koma inn aftur, bæði gegnum viðskipti við einstaka listamenn og einnig í mynd er- lends gjaldeyris til bankanna. Hafa þegar borizt margar fyrir- spurnir um sölumöguleika á mun- um, sem þarna voru til sýnis. T. d. hefur eitt stærsta vöruhús Bandaríkjanna sótt eftir að fá að framleiða stól úr perobaviði með íslensku áklæði, sem Sveinn Kjar- val hafði teiknað og Nývirki hf. smíðar. Einnig hafa borizt fyrir- spurnir frá Sviss og Frakklandi um stól eftir Svein úr svörtu, möttu stáli, sem kominn er á markaðinn hér heima og Sindri framleiðir. Sá stóll verður ásamt fleiru sýndur á Leipzigkaupste- f- unni, sem hefst bráðlega. Kjartan Kjartansson húsgagnaarkitekt hefur fengið pantanir frá París um serviettuboga úr palisander- við og Guðrún Jónasdóttir hefur fengið fyrirspurnir um íslenska ullarmuni. Yfirleitt vakti íslenska ullin geysilega hrifningu, svo að ef vel væri á haldið ættum við að geta selt ullarmuni í stórum stíl til hinna stóru, dýru verzl- unarhúsa.

Lúdvíg bent á það, að ekki væri nauðsynlegt að eiga hrá- efni þau sem unnið væri úr í land- inu sjálfu. Það sem þyrfti, væri að virkja tæknikunnáttu iðnaðar manna og snilligáfu listamann- anna og beita hvorutveggja til að skapa hagkvæma, fagra listmuni til að nota í heimalandinu og til útflutnings og sölu víða um heim. Að þessu hefðu Danir einbeitt

sér, með þeim árangri að á sl. 7 árum hefði t. d. útflutningur þeirra á húsgögnum til Band- aríkjanna nálega fimmtugfaldast. Sama væri að segja um mörg önnur svið dansks listiðnaðar, og þó þyrftu Danir að flytja flestar þær viðartegundir sem notaðar eru, gull, silfur, stál, og jafnvel leir til hinna verðmætari leir- kerasmiðar sinnar. Þeir hefðu gert vöru sína að list, framleiðsl- una að listiðnaði. Það sama hefur á síðari árum gerzt annars staðar á Norðurlöndum. Því skyldum við ekki ganga sömu braut? Til þess að það megi takast verða að hald- ast í hendur tæknikunnáttu og list fengi í formum og gerð, en þetta fer ekki ævinlega saman hjá sömu manneskju. Þess vegna verð- ur að vera náin samvinna iðnað- armanna við listamenn.

Lofsamlegir dómur.


Með sýningunni í París var hið litla félag „Íslensk listiðnað“ að stíga fyrstu krefin til að kynna þann listiðnað, sem þegar er til beztur í landinu.

Sýningin í heild, sem var til húsa í Louvresafninu, hlaut mjög lofsamleg: dóma franska, bel- gíska og svissneska blaða.

Le Figaro í París sagði 20. nóv: ... Flestir sýningarmunanna eru raunar svo frábærir að þeir verð- skulda það, að þeim væri skipið á bekk meðal hinna ágætustu lista verka, þannig að þeir fái ein- göngu að þjóna kröfum fegurðar innar, en notagildi þeirra þá látið liggja í láginni. ... Og hvernig er eiginlega hægt að komast hjá því, að beygja sig frammi fyrir kostum listar, sem er jafn sönn og þroskuð sem þessi?

Carrefour í París sagði: ... Sví- þjóð virðist skara fram úr í hvers- konar (vélunninni) vefnaðar- vöru, Finnland í listrænni gler- vinnu, Noregur í silfursmíði, Ís- land í (handofnum) ullarvegg- klæðum. En Danmörk virðist vera það landið, af þessum fimm, sem mest hefur lagt sig fram á öllum sviðum og náð mestum ár- angri ...

Journal de Genève í Sviss segir:



Hluti af ísl. deildinni. Fyrir miðjum vegg hangir ofið og hnýtt gólfteppi eftir Júlíönu Sveins- dóttur. Á veggnum til hægri er ullarklæði í sauðalitunum, ofið af Guðrúnu Jónasdóttur. — Fleiri sýningargripir sjást, m. a. borðstofustóll, teiknaður af Sveini Kjarval húsgagnaarkitekt.

... Það er hið stórskorna í íslensk- um og norskum silfurgrípum, sem bjargar þeim frá einhæfni tisk- unnar: blaðskrautið og band- fléttuverkið minna okkur á eðlis- þunga silfursins: hálsmenin, næl- urnar og armböndin með götum, bóllum, nöglum og raufum búa yfir hrjúfri fegurð, sem ekkert á skylt við það, sem hin stóru verzlunarhús hafa á boðstólum á þessu sviði ...

Revue de Paris, segir: ... Ísland, sem hefur ekki áður sýnt með hinum Norðurlöndunum, hefur nú bætt í hópinn. Í úrvali því, sem þaðan kom, eru áberandi hin sterku bönd, er tengja nútíma liðstiðnað þess við eldri hefðir. Silfursmíðin og vefnaðurinn skipta mestu máli ...

Þetta eru aðeins örfá af þeim 49 blaðaumælum, sem félaginu Íslenskri listiðnað hafa borizt, en þau eru öll mjög lofsamleg.

Í sambandi við sýninguna voru haldnir sínfónihljómleikar í jan- úar, þar sem flutt voru verk eftir norðurlandahöfunda, þar á meðal Jón Leifs. Hljómleikunum var útvarpað. Fengu þeir hljómleikar góða dóma í blöðum og studdu að kynningu á norrænni list.

Í skýrslu Buggo Mahrt, blaða- fulltrúa í norska sendiráðinu í París sendi heim til norska utan- ríkisráðuneytisins komst hann m. a. svo að orði: „Persónulega minnst ég ekki neinnar samsyn- ingar, er hér hefur verið haldin, er hafi hlotið jafn almennar við- tökur í frönskum dagblöðum, tímaritum og listaverkaritum sem þessi sýning ... Það sem einna mest bar á í öllum þessum lofsamlegu dómum, var það, hve fúslega það var viðurkennt, að hér stóðu menn frammi fyrir list- rænni og tæknilegri framleiðslu er greinlega bar af því, sem Frakkland í dag hefur teft fram. Þegar manni á hinn bóginn er

kunnugt um það, hve Frökkum er annt um að fá haldið forystu- hlutverk sín á sviði listanna, fr þessi staðreynd aðra og dýpri merkingu.

Íslensku sýningargripirnir.

Íslendingar áttu marga fallega grip á Norrænu listiðnaðarsýning- unni. Þar voru gyllt víravirkis stökkabelti, teiknað af Guðmundi heitnum Guðnasyni, smíðað af Leifi Kaldal, armbönd, skeið, háls- men o. fl. eftir Jóhannes Jóhann- ession og armband eftir Halldór Kristinsson. Hringar eftir Diter Rot, hálsmen eftir Ásdís Thor- oddsen, stólar teiknaðir af Sveini Kjarval, langsjól og væðarvoðir eftir Guðrúnu Jónasdóttur, ofin og hnýtt teppi eftir Júlíönu Sveins dóttur, myndvafnaður eftir Þór- dís Egilsdóttur og Jóhönnu Jó- hannsdóttur, serviettuhringir eft- ir Kjartan A. Kjartansson og loks voru þar nokkrir stílhreinir, fagrir munir úr Þjóðminjasafn- inu. Á sýningarpalli sérdeildar okkar var hvítt gólfteppi úr ís- lenzkri ull frá Teppagerðinni Ax- minster.

Nýtt íþróttahús tekið í notkun á Húsavík

HÚSAVÍK, 24. febrúar. — Nýtt íþróttahús var tekið til afnota hér í sl. viku. Þar fer fram leik- fimikennsla, bæði fyrir nemend- ur barnaskólans og gagnfræða- skólans, auk þess sem íþrótt- félagið Völsungar hefir afnot af húsinu á kvöldin.

Íþróttasalurinn er í útbyggingu úr barnaskólahúsinu nýja, sem hér er í smíðum. — Salurinn er 10x20 metrar að stærð. Gólfíð er mjög vandað, gert úr brenni, og er salurinn búinn hinum dýrustu og beztu tækjum, sem fánleg eru. Böð og búningsklefar eru rúmgóðir, en í böðunum eru sjálf virk blöndunartæki og fleira, sem er svo til alveg nýtt hér á landi.

Íþróttasalur þessi mun hafa það fram yfir flesta slíka hér á landi, að meðfram annarri lang- hliðinni er upphækkað áhorfenda- svæði, sem rúmar 160 manns í sæti.

Á laugardag og sunnudag s.l. var salurinn vígður með leik- fimisýningum. Á laugardaginn

sýndu barnaskólabörninn, en á sýningu þessari komu fram allir nemendur gagnfræðaskólans, piltar og stúlkur, en stjórnendur voru þau Vigdís Bjarnadóttir og Vilhjálmur Pálsson. Þau hafa einnig á hendi íþróttakennslu á vegum Völsunga.

Teikningu af íþróttahúsinu gerði Hákon Sigtryggsson, í samráði við Þorstein Einarsson, íþróttafulltrúa, sem réði öllu fyr- irkomulagi, en það er sem segir mjög til fyrirmyndar og hið hag- anlegasta í alla staði.

Það er sannarlega gleðilegt að sjá, hve þessi nýja og góða að- staða til íþróttaiðkana, hefir vak- ið mikinn og almennan áhuga hjá æsku kaupstaðarins. Á hverju kvöldi flykkjast unglingarnir, sem áður himdu iðjulausir á göt- unum öllum stundum, í hinn nýja og glæsilega íþróttasal, sér til ánægju og uppbyggingar. — Er- vonandi, að þessi áhugi haldist á meðan húsið stendur.

— Fréttaritari



Hálsmen úr silfri með íslenskum steinum og fuglsklóm. — Smíðað af frú Ásdís Thoroddsen.